

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 105/2013

2013/EES/56/19

frá 4. febrúar 2013

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 371/2011 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir dímetýlglyðsinnatriumsalti (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til efúrfarandi:

- 1) Taminco N.V. hefur lagt fram umsókn skv. 3.mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem óskað er eftir breytingu á nafni handhafa leyfisins að því er varðar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 371/2011⁽²⁾, um leyfi til 10 ára fyrir dímetýlglyðsinnatriumsalti, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og í virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“.
- 2) Umsækjandinn fullyrðir að hann hafi breytt rekstrarformi sínu að lögum í félag með takmarkaðri ábyrgð í einkaeign frá og með 1. október 2012. Umsækjandinn hefur lagt fram viðeigandi gögn því til stuðnings.
- 3) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfisins er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.
- 4) Til að gera umsækjanda kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn undir heitinu Taminco BVBA er nauðsynlegt að breyta skilmálum leyfisins.

5) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 371/2011 til samræmis við það.

6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunni, sem er gerð á reglugerð (ESB) nr. 371/2011 með þessari reglugerð, af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil svo hægt sé að nota fyrirbyggjandi birgðir.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Í stað orðanna „Taminco N.V.“ í 2. dálki í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 371/2011 komi orðin „Taminco BVBA“.

2. gr.

Fyrirbyggjandi birgðir aukefnisins, sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, má áfram setja á markað og nota þar til þær eru uppnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 34, 5.2.2013, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 102, 16.4.2011, bls. 6.